

SAMKOMULAG

UM

SAMEININGU BÍLGREINASAMBANDSINS OG SVP - SAMTAKA VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Hinn 14. janúar 2021 undirrituðu stjórnir Bílgreinasambandsins (hér eftir skammstafað *BGS*) og SVP - Samtaka verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega nefnd *samtökin*) samstarfsyfirlýsingu með það markmið að leiðarljósi að efla þjónustu við félagsmenn í samskiptum við stjórnvöld, í lögfræðilegum álitamálum og í fræðslu- og menntunarmálum ásamt því að styrkja rekstur samtakanna.

Frá undirritun yfirlýsingarinnar hafa samtökin unnið saman að hagsmunamálum aðildarfyrirtækja beggja samtakanna og hefur reynslan af samstarfinu í senn verið jákvæð og leitt fram víðtæk samlegðaráhrif. Þykir sýnt að frekari samlegðaráhrifum megi ná fram með nánara samstarfi. Í ljósi reynslunnar hafa stjórnir samtakanna ákveðið að leggja fram tillögu þess efnis á aðalfundum samtakanna að þau verði sameinuð undir hatti SVP en að á þeim vettvangi verði þó jafnframt gætt að sérstöðu BGS innan SVP.

Til grundvallar samkomulaginu liggur það markmið að efla samstarf aðildarfyrirtækja BGS og SVP á vettvangi einna samtaka. Standa væntingar til þess að slíkt samstarf muni ekki aðeins leiða til rekstrarhagræðis í hagsmunagæslu heldur einnig bættrar nýtingar á þekkingu og reynslu sem verður til staðar innan sameinaðra samtaka. Er þá ekki síst til þess að líta að hagsmunir aðildarfyrirtækja BGS og SVP eru að verulegu leyti sambærilegir.

BGS hefur í nokkrum mæli aflað tekna með sölu á þjónustu til aðildarfyrirtækja og annarra og örlítilli vörusölu. Hafa tekjurnar alfarið runnið til rekstrar BGS enda er tilgangur þess ófjárhagslegur. BGS er skráð á virðisaukaskattsskrá, leggur útskatt á selda vöru og þjónustu og færir innskatt af aðföngum á móti útskatti við uppgjör virðisaukaskatts. SVP hafa ekki stundað slíka starfsemi, ekki notið slíkra tekna og hafa ekki uppi áform um það. Áætlun um tekjur SVP af aðildargjöldum eftir sameiningu og rekstrarupplýsingar BGS síðustu ár gefa sterka vísbendingu um aðildargjöld BGS muni ekki að fullu standa undir rekstrarkostnaði SVP vegna málefnastarfs og reksturs eigna BGS. Því er gert ráð fyrir að BGS muni áfram afla tekna með sama hætti og áður en fjárhæð sem jafngildi hagnaði tiltekins hluta teknanna renni til SVP sem viðbótarframlag til rekstrar BGS innan SVP.

Samtökin eru meðvituð um að við sameiningu samtakanna þurfa aðildarfyrirtæki BGS að njóta frelslis til að taka ákvörðun um aðild að sameinuðum samtökum. Er litið svo á að sá tími sem líða mun milli aukaaðalfundar BGS og reglulegs aðalfundar SVP skapi aðildarfyrirtækjunum nægt færi á að taka sjálfstæða afstöðu og ef því er að skipta segja sig úr BGS áður en til sameiningarinnar kemur með þeim réttaráhrifum sem kveðið er á um í gildandi samþykktum BGS.

Í ljósi framangreinds hafa stjórnir samtakanna ákveðið að gera með sér eftirfarandi samkomulag um gerð tillagna sem lagðar verða fyrir til samþykktar á aukaaðalfundi BGS í febrúar 2022 og reglulegum aðalfundi SVP í mars sama ár.

1. gr.

Markmið

1. Ákvæðum samkomulags þessa er ætlað að tryggja að:
 - a. SVP taki yfir ábyrgð á daglegum rekstri BGS, annars vegar afmarkaða fjárhagslega ábyrgð og hins vegar ábyrgð á málefnum starfa,
 - b. BGS verði sérgreinafélag innan SVP, sbr. 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr. samþykktu SVP, sem er sjálfstæð lögpersóna er nýtur eigin réttshæfis, hefur sjálfstætt stjórnskipulag innan SVP, er sjálfstæður skattaðili, með eigin kennitölu, eigin virðisaukaskattsnúmer o.fl.,
 - c. BGS muni hafa sérstakan ófjárhagslegan tilgang sem ákveðinn verður í sérstökum samþykktum BGS en rúmast skal innan tilgangs SVP eins og hann er skilgreindur í samþykktum SVP á hverjum tíma,
 - d. aðildarfyrirtæki BGS og fyrirsvarsmenn þeirra njóti sama réttar og beri sömu skyldur og aðildarfyrirtæki SVP og fyrirsvarsmenn þeirra,
 - e. aðildarfyrirtæki BGS njóti sambærilegrar þjónustu og aðildarfyrirtæki SVP njóta á vettvangi SVP hvort heldur er fyrir tilstilli skrifstofu SVP eða á vettvangi Samtaka atvinnulífsins (hér eftir skammstöfuð SA),
 - f. BGS hafi sjálfstæðan tillögurétt um þá hagsmuni BGS sem unnið verður að á vettvangi SVP og hvernig skuli að þeim vinna.

2. gr.

Aðild

1. Öll aðildarfyrirtæki BGS munu við sameininguna verða aðildarfyrirtæki SVP og Samtökum atvinnulífsins (hér eftir skammstöfuð SA). Við sameininguna munu aðildarfyrirtæki BGS njóta fullra réttinda og bera sömu skyldur og aðildarfyrirtæki SVP.
2. Öll aðildarfyrirtæki BGS munu við sameininguna verða aðilar að sérgreinafélaginu BGS innan SVP.
3. Aðild að BGS verður eftirleiðis einvörðungu heimil aðildarfyrirtækjum SVP og SA sem uppfylla að öðru leyti gildandi aðildarskilyrði samkvæmt ákvæðum sérstakra samþykktu BGS.
4. Aðildarfyrirtæki BGS geta jafnframt átt aðild að öðrum sérgreinafélögum sem starfa innan SVP eftir því sem samþykktir þeirra leyfa.
5. Þrátt fyrir 3. mgr. skal aðildarfyrirtækjum SVP sem annast sölu á ökutækjum, vöru og þjónustu þeim tengdum og boðið að gerast aðilar að BGS fyrir 1. júní 2022 óháð öðrum aðildarskilyrðum sérstakra samþykktu BGS.
6. Um réttindi og skyldur aðildarfyrirtækja BGS sem sagt hafa sig úr BGS fyrir 1. apríl 2022 fer samkvæmt ákvæðum gildandi samþykktu BGS. Skulu iðgjöld úrsagnarfyrirtækja renna til SVP frá og með 1. apríl 2022.

3. gr.

Skipulag

1. Æðsta vald í sameinuðum samtökum verður í höndum aðalfundar SVP. Stjórn SVP fer með æðsta vald í málefnum SVP milli aðalfunda. Stjórnarmönnum SVP verður tímabundið fjölgað um einn og tekur fulltrúi tilnefndur af stjórn BGS sæti meðstjórnanda í stjórn SVP

frá því að sameiningin kemur til framkvæmda og eiga þar sæti það sem eftir líður af starfsárinu 2022/2023.

2. Eftir sameininguna fer í meginatriðum um starfsemi BGS samkvæmt ákvæðum samþykktar SVÞ á hverjum tíma, ákvörðunum aðalfunda SVÞ og stjórnar SVÞ.
3. Að öðru leyti fer um starfsemi og málefnum BGS samkvæmt ákvörðunum aðalfunda BGS og ákvörðunum stjórnar BGS. Stjórn BGS fer með æðsta vald í BGS milli aðalfunda og skal hún annast um að skipulag BGS og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

4. gr.

Samþykktir

1. Núgildandi samþykktir SVÞ verða samþykktir SVÞ með þeim breytingum gerð er grein fyrir í viðauka II í samkomulagi þessu.
2. Nýjar samþykktir verða settar fyrir BGS eins og gerð er grein fyrir í viðauka I í samkomulagi þessu.

5. gr.

Fjárhags- og stjórnunarleg málefni

1. SVÞ yfirtekur rekstur og eignir BGS¹, að öðru leyti en því kveðið er á um í 6. gr., og ber eftir sameininguna óskoraða ábyrgð á rekstri og viðhaldi þeirra. Skulu SVÞ njóta alls arðs sem hlýst af rekstri og eignum sem samtökin taka yfir og bera af þeim alla áhættu.
2. Eigi síðar en 1. júní 2022 skal stjórn BGS útbúa, og senda stjórn SVÞ afrit af, efnahags- og rekstrarreikning BGS miðað við 1. apríl 2022. Skulu skuldir samkvæmt efnahags- og rekstrarreikningnum alfarið teljast skuldir BGS þrátt fyrir sameininguna.
3. Aðildargjöld aðildarfyrirtækja BGS vegna aðildar að SVÞ og SA renna alfarið til SVÞ eftir að sameiningin kemur til framkvæmda. Um fjárhæðir gjalda fer samkvæmt ákvæðum samþykktar SVÞ og SA. Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. gildandi samþykktar SVÞ skal við gerð atkvæðaskrár um áramótin 2022/2023 hækka hverja krónu greiddra árgjalda aðildarfyrirtækja BGS á árinu 2022 sem nemur hlutfalli þess hluta ársins 2022 sem liðinn var áður en sameiningin átti sér stað af árinu í heild.
4. Eftir sameininguna mun:
 - a. Skrifstofa SVÞ vinna að hagsmunamálum BGS og veita aðildarfyrirtækjum þess að öðru leyti sömu þjónustu og veitt er öðrum aðildarfyrirtækjum SVÞ,
 - b. aðildarfyrirtæki BGS njóta þjónustu SA í sama mæli og önnur aðildarfyrirtæki SVÞ,
 - c. SA fara með kjarasamningsumboð fyrir aðildarfyrirtæki BGS, sbr. viðeigandi ákvæði samþykktar SA,
5. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal BGS eftir sameininguna alfarið bera ábyrgð á eignum skv. 1. mgr. 6. gr. Þá skal BGS annast innheimtu tekna af verkefnum skv. b.-f.-liðum 1. mgr. 6. gr. í eigin nafni en greiða SVÞ þóknun sem renna skal til rekstrar SVÞ eins og leiða má af ákvæðum 6. gr. BGS skal hafa sjálfstæðan efnahag og vinna eigin ársreikning.
6. Við yfirtökuna verður framkvæmdastjóri BGS starfsmaður SVÞ, með starfstílinn *framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins*, og mun hann sæta stjórnunarvaldi framkvæmdastjóra SVÞ. Framkvæmdastjóri SVÞ annast ráðningu og brottvikningu

¹ Við sameininguna taka m.a. SVÞ yfir fastafjármuni BGS, þ.e. áhöld og tæki, hugbúnað og eignarhluti í félögum, og veltufjármuni, þ.e. viðskiptakröfur, útistandandi félagsgjöld, útistandandi selt efni o.fl. og handbært fé.

framkvæmdastjóra BGS að fenginni tillögu stjórnar BGS. Munu SVP alfarið semja um og standa undir greiðslum launa framkvæmdastjóra BGS og launatengdra gjalda, kostnaði við starfsaðstöðu og búnað og standa undir öðrum þeim hlunnindum sem tengjast starfi hans. SVP munu tryggja að starf framkvæmdastjóra Bílgreinasambandsins verði helgað málefnum BGS og þeirri starfsemi BGS sem myndar sértekjur nema annað verði ákveðið að höfðu samráði við stjórn BGS. Eftir atvikum mun framkvæmdastjóra SVP vera heimilt að fela viðkomandi starfsmanni, framkvæmdastjóra BGS, önnur verkefni á vettvangi SVP í því skyni að þekking hans og reynsla nýtist SVP sem best. Tryggt verður að framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins njóti aðstoðar annarra starfsmanna skrifstofa SVP og SA.

6. gr.

Eftirstandandi séreignir BGS og rekstur þeirra

1. Þrátt fyrir sameininguna munu eftirtaldar efnis- og óefnislegar eignir, rekstrar- og þróunarverkefni, eftirleidis teljast séreignir BGS:
 - a. Eignir BGS hjá Íslandsbanka, safn 1832/Eignastýring/Sértæk fjárfestingastefna (bankainnstæður og handbært fé í ISK, hlutabréf í ISK og skuldabréf í ISK). Markaðsverð 24.895.593 kr. hinn 31. desember 2021.²
 - b. Sala prentefnis.³
 - c. Sala Auto data.⁴
 - d. Sérvinnsla á rafrænu formi⁵.
 - e. Vefþjónustutalningar.⁶
 - f. Sala skýrsla.⁷
 - g. Gæðavottun BGS⁸.
 - h. Saga bílsins á Íslandi.⁹
2. BGS, og eftir atvikum stjórn BGS eftir ákvörðun aðalfundar BGS, fer með alla þætti eignarréttar eigna skv. a- og h-lið 1. mgr. Teljast þær SVP alfarið óviðkomandi og munu SVP því hvorki njóta nokkurra réttinda vegna þeirra né bera þeirra vegna nokkrar skyldur. Mun BGS njóta alls arðs af eignunum og bera af þeim alla áhættu.
3. Stjórnir BGS og SVP skulu gera með sér sérstakan þjónustusamning um rekstur eigna skv. b–g-liðum 1. mgr. á ábyrgð og áhættu BGS. Skal skrifstofa SVP veita BGS þjónustu við daglegan rekstur eignanna og skal framkvæmdastjóri BGS og aðrir starfsmenn skrifstofu SVP stuðla að myndun tekna af eignunum. Tekjur af eignunum og kostnaður vegna aðfanga til rekstrar þeirra skal alfarið færast á rekstur og efnahag BGS. Skulu allir útgefnir reikningar vegna sölu vöru og þjónustu gerðir á kennitölu BGS og BGS alfarið standa skil á virðisaukaskatti af þeim sökum. Eftir lok hvers ársfjórungs skal BGS greiða SVP þóknun vegna þjónustunnar sem að fjárhæð nemur hagnaði af rekstri eigna skv. b.-, c.-, e.- og f.-liðum 1. mgr. á ársfjórðungnum. Þó skal í tuttugu og fjóra mánuði frá

² Sjá nánar *verðbréfaeign* skv. sundurliðun 4 í ársreikningi BGS 2020.

³ *Selt prentefni* skv. sundurliðun 9 í ársreikningi BGS 2020.

⁴ *Selt Auto data* skv. sundurliðun 9 í ársreikningi BGS 2020.

⁵ *Sérvinnsla á rafrænu formi* skv. sundurliðun 9 í ársreikningi BGS 2020.

⁶ *Vefþjónustutalningar* skv. sundurliðun 9 í ársreikningi BGS 2020.

⁷ *Seldar skýrslur* skv. sundurliðun 9 í ársreikningi BGS 2020.

⁸ *Staðlar BGS* skv. sundurliðun 9 í ársreikningi BGS 2020.

⁹ *Saga bílsins á Íslandi* skv. sundurliðun 9 í ársreikningi BGS 2020.

sameiningardegi að telja draga frá fjárhæðinni helming rekstrarkostnaðar vegna Gæðavottunar BGS skv. g-lið 1. mgr. Nemi tekjur BGS af rekstri vottunarinnar hins vegar meiru en rekstrarkostnaði á tímabilinu skal þriðjungur mismunarins renna til SVÞ sem hluti þjónustubóknunar.

4. Telji stjórn BGS tilefni til að leggja af eða selja frá sér Gæðavottun BGS skv. g-lið 1. mgr. skal þriðjungur söluhagnaðar greiddur til SVÞ sem hluti þjónustubóknunar skv. 3. mgr.
5. Tilhögun greiðslu bóknunar BGS til SVÞ skv. 3. og 4. mgr. skal ávallt vera með þeim hætti að hafi ekki áhrif á stöðu SVÞ í skattalegu tilliti.

7. gr.

Vanefndir og úrræði

1. Aðfararorð samkomulagsins og efni allra ákvæða samkomulags þessa teljast forsendur sameiningar samtakanna. Ef fyrir liggur eða sýnt þykir að þau nái ekki fram að ganga skulu aðilar samkomulagsins í sameiningu leita leiða til að bæta úr þeim atriðum sem orðið geta þess valdandi að forsendurnar raungerist ekki.
2. Eftirtaldar forsendur teljast verulegar og veita stjórnnum samtakanna einhliða rétt til að tilkynna gagnaðila um riftun samkomulagsins með þeim afleiðingum að það teljist að öllu leyti niður fallið:
 - a. Ef stjórn BGS leggur ekki fram á aukaaðalfundi BGS tillögu um sameiningu samtakanna eða leggur hana að öðru leyti þannig fram að hún samræmist ekki ákvæðum samkomulags þessa.
 - b. Ef stjórn SVÞ leggur ekki fram á aðalfundi SVÞ tillögu um sameiningu samtakanna eða leggur hana að öðru leyti þannig fram að hún samræmist ekki ákvæðum samkomulags þessa.
 - c. Ef aukaaðalfundur BGS samþykkir ekki tillögu um sameiningu samtakanna eða samþykkir hana með breytingum sem samræmast ekki ákvæðum samkomulags þessa.
 - d. Ef aðalfundur SVÞ samþykkir ekki tillögu um sameiningu samtakanna eða samþykkir hana með breytingum sem samræmast ekki ákvæðum samkomulags þessa.
 - e. Ef stjórn BGS leggur ekki fram á aukaaðalfundi BGS tillögu um nýjar samþykktir BGS, sbr. viðauka II í samkomulagi þessu, eða leggur hana að öðru leyti þannig fram að efni hennar samræmist ekki ákvæðum samkomulags þessa.
 - f. Ef stjórn SVÞ leggur ekki fram á aðalfundi SVÞ tillögu um breytingar á samþykktum SVÞ, sbr. viðauka I í samkomulagi þessu, eða leggur hana að öðru leyti þannig fram að efni hennar samræmist ekki ákvæðum samkomulags þessa.
 - g. Ef aukaaðalfundur BGS samþykkir ekki framangreindar tillögur stjórnar BGS.
 - h. Ef aðalfundur SVÞ samþykkir ekki framangreindar tillögur stjórnar SVÞ.

8. gr.

Endurskoðun sameiningar

1. Innan átján mánaða frá 1. júní 2022 að telja er aðalfundum BGS og SVÞ, hvorum fyrir sig, heimilt að lýsa því yfir einhliða að sameining BGS og SVÞ skuli afturkölluð með réttaráhrifum frá þeim degi að telja (l. *ex nunc*). Samhliða skulu samtökin, hvort fyrir sig,

samþykkja nauðsynlegar breytingar á samþykktum og verður afturköllunin eigi virk nema svo hafi þegar verið gert.

2. Við afturköllum sameiningar BGS og SVP:
 - a. Falla niður öll gagnkvæm réttindi og skyldur SVP og BGS eins og þau eru skilgreind í samkomulagi þessu, samþykktum BGS, samþykktum SVP eða ákvörðunum aðalfunda samtakanna eða stjórnar þeirra.
 - b. skal framkvæmdastjóri BÍlgreinasambandsins alfarið teljast starfsmaður BGS,
 - c. skulu starfsemi og málefnavarfa BGS þá þegar færð úr húsnæði SVP.
3. Eins fljótt sem verða má í kjölfar afturköllunar sameiningarinnar skulu stjórnir BGS og SVP, að fenginni sameiginlegri tillögu framkvæmdastjóra SVP og BGS, ákveða hvernig fari um gögn BGS sem hýst eru í húsnæði og kerfum SVP.
4. Eignir skv. 6. gr. teljast alfarið eignir BGS að meðtalinni þeirri aukningu eða rýrnun sem á þeim hefur orðið. Önnur verðmæti sem myndast hafa frá sameiningu BGS og SVP án tillits til ákvarðana BGS teljast alfarið eignir SVP.
5. Afturköllun sameiningar BGS og SVP hefur ekki áhrif á aðild aðildarfyritækja BGS að SVP og SA en um hana fer samkvæmt samþykktum SVP á hverjum tíma.

9. gr.

Ágreiningur

1. Komi upp ágreiningur um efni eða framkvæmd samkomulags þessa skal hann ræddur á fundi framkvæmdastjóra BGS og SVP og að því loknu fyrir stjórnun BGS og SVP.
2. Takist ekki að leysa úr ágreiningi skv. 1. mgr. er hvorum aðila fyrir sig heimilt að reka um hann mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

VIÐAUKAR

Viðauki I: Drög að nýjum samþykktum BGS

Samþykktir Bílgreinasambandsins

I. KAFLI

Heiti, heimili, tilgangur og aðild.

1. gr.

Heiti.

Heiti samtakanna er Bílgreinasambandið, skammstafað *BGS*.

BGS er lögpersóna sem nýtur sjálfstæðs réttþæfis með kennitöluna 440181-0159.

2. gr.

Heimilisfang

Heimili BGS og varnarþing er hjá SVP - Samtökum verslunar og þjónustu, Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur BGS er að:

- Vera í málsvari fyrir aðildarfyrirtæki um málefni bílgreinarinnar á vettvangi SVP, Samtaka atvinnulífsins (SA), gagnvart öllum opinberum aðilum, samtökum, framleiðendum og samtökum þeirra, öðrum viðskiptamönnum bílgreinarinnar og almenningi.
- Efla og þróa bílgreinina á Íslandi, með því að:
 - Annast sameiginlega stefnumótun um umhverfi bílgreinarinnar,
 - efla menntun og auka þekkingu innan bílgreinarinnar,
 - efla fagleg vinnubrögð innan bílgreinarinnar,
 - stuðla að því að réttmætir viðskiptahættir séu viðhafðir innan bílgreinarinnar,
 - stofna til, skipuleggja og halda sýningar á bifreiðum, hlutum tengdum þeim og bílgreininni í heild.
- Vera aðildarfyrirtækjum til leiðbeiningar um gildi faglegra vinnubragða.
- Stuðla að umhverfisvernd, bættri umferðarmenningu og auknu umferðaröryggi.
- Stuðla að aukinni hagkvæmni og arðsemi í rekstri aðildarfyrirtækja.
- Vinna að öðrum málefnum sem hafa almenna þýðingu fyrir aðildarfyrirtæki.
- Reka eignir BGS.

4. gr.

Aðild.

Aðild að BGS geta öðlast fyrirtæki og einstaklingar í atvinnurekstri sem eru aðilar að SVP og Samtökum atvinnulífsins og annast sölu á ökutækjum, vöru og þjónustu þeim tengdum.

Við meðferð aðildarumsóknar skal litið til þess hvort:

- Umsækjandi teljist uppfylla settar kröfur um útbúnað, tæki, starfsumhverfi o.fl.

2. Umsækjandi hafi fylgt og þyki líklegur til að fylgja settum reglum um góða viðskiptahætti.
3. Hætta sé á að aðild umsækjanda geti stefnt starfsemi BGS í beina eða óbeina hættu m.t.t. tilgangs BGS og almennra hagsmuna aðildarfyrirtækja.

Óheimilt er að veita verkstæði aðild að BGS uppfyllir það ekki kröfur 8. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, með síðari breytingum. Þó er heimilt að veita umsækjanda takmarkaða aðild til bráðabirgða gangist hann undir skuldbindingu þess efnis að kröfurnar verði uppfylltar innan tiltekins tíma. Slík aðild skal aldrei vara lengur en tvö ár. Umsækjandi sem nýtur slíkrar aðildar ber sömu réttindi og skyldur og önnur aðildarfyrirtæki BGS á meðan á henni stendur en með þeirri undantekningu að hann nýtur ekki atkvæðisréttar á fundum BGS, þ. á m. aðalfundum og félagsfundum. Ljúki gildistíma tímabundinnar aðildar án þess að umsækjanda takist að uppfylla skilyrði skuldbindingarinnar telst hann ekki aðili að BGS frá og með þeim degi að telja er skilyrðin skyldu uppfyllt.

Stjórn BGS er heimilt að útfæra aðildarskilyrði BGS nánar innan marka ákvæða greinarinnar og skal þá útfærslan birt á vef BGS.

Umsókn um aðild að BGS skal senda skrifstofu SVP og skulu henni fylgja allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo leggja megi mat á hvort aðildarskilyrði teljist uppfyllt.

Aðildarfyrirtæki BGS skulu flokkuð eftir starfsemi undir sölusvið og þjónustusvið. Undir sölusvið flokkast fyrirtæki sem annast sölu á ökutækjum og vörum þeim tengdum (bifreiðaumboð). Undir þjónustusvið flokkast fyrirtæki sem annast þjónustu við eigendur ökutækja og vörusölu því tengda (verkstæði).

II. KAFLI

Skipulag

5. gr.

Sérgreinafélag innan SVP

BGS er sérgreinafélag innan SVP – Samtaka verslunar og þjónustu, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktu SVP. Stangist ákvæði samþykktu BGS á við ákvæði samþykktu SVP skulu ákvæði samþykktu SVP ganga framár.

Stjórnskipulag BGS er að öðru leyti með eftirfarandi hætti:

1. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum BGS.
2. Félagsfundir fara með æðsta vald í málefnum BGS milli aðalfunda.
3. Stjórn BGS fer með æðsta vald í málefnum BGS milli aðalfunda, þó sbr. 8. gr.
4. Framkvæmdastjóri BGS framfylgir ákvörðunum aðalfundar, félagsfunda og stjórnar milli funda og annast daglegt málefnastarf og aðra starfrækslu BGS.
5. Nefndir eru ráðgefandi stjórn BGS, geta lagt fram tillögur fyrir stjórn og fylgja eftir hagsmunamálum aðildarfyrirtækja innan þeirra raða að höfðu samráði við stjórn BGS og framkvæmdastjóra.

6. gr.

Aðalfundur.

Aðalfundur skal að jafnaði halda fyrir lok maímánaðar ár hvert. Stjórn BGS er þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að ákveða aðra tímasetningu aðalfundar.

Boða skal til aðalfundar með tveggja vikna fyrirvara með tölvupósti eða rafrænu fundarboði (t.d. í Outlook) sem sent er fyrirsvarsmönnum aðildarfyrirtækja.

Á aðalfundi skal a.m.k. taka eftirfarandi dagskrárliði til umfjöllunar:

1. Kjör fundarstjóra og -ritara.
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
3. Kosning stjórnar og varamanna.
4. Reikningar BGS.
5. Önnur mál.

Fundarstjóri úrskurðar um lögmæti aðalfundar.

Sérhvert aðildarfyrirtæki fer með eitt atkvæði á aðalfundi. Til viðbótar fer sérhvert aðildarfyrirtæki með eitt atkvæði fyrir hverjar 80 þús. kr. umfram lágmark greiddra árgjalda til SA og SVP. Aðeins aðildarfyrirtæki njóta atkvæðisréttar á aðalfundi sem eru skuldlaus við SA og SVP fyrir aðalfund.

Geti fyrisvarismaður aðildarfyrirtækis ekki sótt aðalfund er honum heimilt að fela starfsmanni fyrirtækisins eða fyrisvarsmanni annars aðildarfyrirtækis að fara með atkvæði á aðalfundi. Fyrisvarsmanni aðildarfyrirtækis er einvörðungu heimilt að fara með atkvæði eins aðildarfyrirtækis til viðbótar því fyrirtæki sem hann gætir fyrisvars fyrir. Framsal atkvæðaréttar telst þá aðeins fullgilt að til grundvallar liggja fullgilt umboð.

Að meginreglu skulu atkvæði greidd á aðalfundi með handauppréttingu. Aðalfundi er er heimilt að ákveða að atkvæði verði greidd með öðrum viðurkenndum hætti, t.d. skriflega eða með rafrænum hætti.

Einfaldur meirihluti ræður atkvæðum á aðalfundi, þó sbr. 14. gr.

7. gr.

Félagsfundir

Félagsfundir skulu haldnir samkvæmt ákvörðun stjórnar. Þó skal stjórn ávallt boða félagsfund, eins fljótt og verða má, um tiltekið málefni ef a.m.k. tíu aðildarfyrirtæki krefjast þess.

Félagsfundir skulu boðaðir með tölvupósti eða rafrænu fundarboði og skal fundarboðun að meginreglu eiga sér stað einni viku fyrir fundardag en ella með eins löngum fyrirvara og unnt er.

Félagsfundur skal kjósa fundarstjóra og ber honum að tilnefna ritara.

Á félagsfundi skal ganga til boðaðrar dagskrár og ræður afl atkvæða úrslitum um ályktanir fundarins. Þó skal ályktun styðjast við 2/3 greiddra atkvæða varði hún málefni sem ekki hefur verið tilgreint í boðaðri dagskrá.

8. gr.

Stjórn.

Stjórn BGS er skipuð sex mönnum.

Kjörgengir í stjórn BGS eru fyrisvarsmenn og fulltrúar atkvæðisbærra aðildarfyrirtækja BGS. Stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi og skulu þrír stjórnarmenn koma úr hópi aðildarfyrirtækja á sölusviði og þrír menn úr hópi aðildarfyrirtækja á þjónustusviði. Komi fram fleiri framboð til stjórnarsetu en þrjú á hvoru sviði skulu þeir þrír sem hljóta flest atkvæði á hvoru sviði fyrir sig, teljast réttkjörnir stjórnarmenn. Hljóti tveir eða fleiri frambjóðendur jafnmörg atkvæði skal kosið á milli þeirra innbyrðis. Tveir stjórnarmenn skulu kosnir til vara og skal annar þeirra koma frá aðildarfyrirtæki á sölusviði en hinn frá aðildarfyrirtæki á þjónustusviði.

Kjörtímabil stjórnarmanna og varamanna er tvö ár. Stjórnarkjóri skal hagað þannig að oddatöluár skal kjósa þrjá meðstjórnendur og einn varamann en hitt árið þrjá meðstjórnendur og einn varamann. Gangi stjórnarmaður eða varamaður úr stjórn á fyrra ári kjörtímabilsins skal kjósa nýjan stjórnarmann í hans stað á næsta aðalfundi til eins árs.

Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund skal stjórn skipta með sér verkum. Stjórn skal undirrita trúnaðar- og samkeppnisréttaryfirlýsingu SVP.

Fundir stjórnar skulu haldnir samkvæmt ákvörðun hennar og skal stjórnin fela framkvæmdastjóra BGS að annast boðun stjórnarfunda. Þó er ávallt skylt að boða til stjórnarfundar að framkominn kröfu tveggja stjórnarmanna.

Stjórnarfundur er ályktunarbær sæki meirihluti stjórnarmanna fundinn. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði á stjórnarfundum og ræður afl atkvæða úrslitum. Falli atkvæði jafnt ræður hlutkesti úrslitum.

Eftir því sem við á skal stjórn BGS skora á stjórn SVP með ályktun.

Fundargerð skal haldin um það sem fram fer á stjórnarfundum og skal hún borin undir stjórn til staðfestingar.

9. gr.

Framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri BGS er starfsmaður SVP.

Framkvæmdastjóri kemur fram út á við fyrir hönd BGS og annast samskipti við fjölmiðla, stjórnvöld og aðra vegna málefna BGS. Framkvæmdastjóri situr alla stjórnarfundum sambandsins.

10. gr.

Nefndir.

Á vettvangi BGS skulu starfa ráðgefandi nefndir um málefni eftirfarandi flokka aðildarfyrirtækja BGS:

1. Bifreiðaumboð,
2. Bifreiðasala,
3. almenn verkstæði,
4. málningar- og réttingarverkstæði,
5. sala varahluta.

Stjórn BGS skipar nefndirnar að fengnum tillögum frá aðildarfyrirtækjum BGS. Nefndarmenn skipta með sér verkum og velja nefndarformann.

Nefndirnar taka fyrir málefni sem stjórn BGS beinir til þeirra og skila niðurstöðum til stjórnar BGS. Við meðferð mála er nefndunum heimilt að mynda vinnuhópa um einstaka þætti málefna.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur aðildarfyrirtækja.

11. gr.

Trúnaður.

Aðildarfyrirtæki BGS skulu kynna sér samkeppnisréttarstefnu og samkeppnisreglur SVP. Stjórn skal undirrita trúnaðar- og samkeppnisréttaryfirlýsingu SVP.

Við meðferð upplýsinga um aðildarfyrirtæki BGS skal gæta trúnaðar um efni þeirra, þ. á m. við meðferð aðildarumsóknar á vettvangi stjórnar.

Framkvæmdastjóra BGS er heimilt að vinna með upplýsingar frá aðildarfyrirtækjum en skal gæta þess sérstaklega að vinnsla þeirra hafi ekki neikvæð áhrif á samkeppni.

12. gr.

Úrsögn.

Tilkynning aðildarfyrirtækis BGS skal berast skrifstofu SVÞ skriflega, t.a.m. með tölvupósti, og tekur hún þá þegar gildi. Skal hún bera undirritun fyrirsvarsmanns aðildarfyrirtækis. Um úrsögn úr SVÞ og SA fer samkvæmt ákvæðum samþykka þeirra.

13. gr.

Brottrekstur.

Nú brýtur aðildarfyrirtæki gegn ákvæðum samþykka þessara, samþykka SVÞ, samþykka SA eða lögmatum ákvörðunum aðalfunda framangreindra samtaka eða BGS og er þá stjórn BGS heimilt að víkja aðildarfyrirtækinu úr BGS. Sama á við telji stjórn BGS aðildarfyrirtæki vinna gegn tilgangi BGS eða almennum hagsmunum aðildarfyrirtækja. Hið sama á við verði aðildarfyrirtæki uppvíst að brotum gegn lögum, reglum eða viðteknum venjum um góða viðskiptahætti.

IV. KAFLI

Gildistaka o.fl.

14. gr.

Breytingar á samþykktum.

Tillögur um breytingar á samþykktum þessum skulu sendar skrifstofu SVÞ eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund BGS.

Löglega fram komnar tillögur um breytingar á samþykktunum fá gildi gegn samþykkt 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

15. gr.

Gildistaka.

Samþykktir þessar öðlast gildi á aukaaðilafundi BGS hinn 15. febrúar 2022.

Þrátt fyrir 1. mgr. taka samþykktir þessar þá aðeins gildi að á aukaaðalfundi BGS hinn 15. febrúar 2022 hafi aukaaðalfundurinn samþykkt samhljóða tillögu stjórnar BGS og SVÞ um sameiningu samtakanna og staðfest samkomulag stjórnar BGS og SVÞ um sameiningu samtakanna.

Samþykktir þessar koma til framkvæmda hinn 1. apríl 2022 en þá því aðeins að aðalfundur SVÞ hafi samþykkt samhljóða tillögu stjórnar BGS og SVÞ um sameiningu BGS og SVÞ og breytingar á samþykktum. Samþykki aðalfundur SVÞ framangreint ekki teljast samþykktir þessar úr gildi fallnar frá öndverðu (l. ex tunc).

Samhliða því að samþykktir þessar koma til framkvæmda falla úr gildi lög BÍlgreinasambandsins frá 26. mars 2015, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða

I

Þrátt fyrir ákvæði 12. sbr. 15. gr. fer um úrsögn úr Bílgreinasambandinu skv. 6. gr. laga Bílgreinasambandsins frá 26. mars 2015, með síðari breytingum, hafi fullgild tilkynning um úrsögn borist Bílgreinasambandinu eigi síðar 31. mars 2022.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 15. gr. gilda ákvæði 6., 7. og 15. gr. laga Bílgreinasambandsins frá 26. mars 2015, með síðari breytingum, eftir því sem við á um aðildarfélag BGS sem segir sig úr BGS skv. 1. mgr.

II

Núverandi stjórn Bílgreinasambandsins skal sitja óhöggðuð fram að næsta reglulega aðalfundi þess á vormánuðum 2022.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. og 15. gr. skal kjörtímabil þriggja stjórnarmanna og eins varamanns vera tvö ár en þriggja stjórnarmanna og eins varamanns vera eitt ár á næsta reglulega aðalfundi BGS á vormánuðum 2022.

III

Þegar samþykktir þessar koma til framkvæmda, sbr. 3. mgr. mgr. 15. gr., verða aðildarfyrirtæki Bílgreinasambandsins sjálfkrafa aðildarfyrirtæki BGS, sérgreinafélags innan SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu, aðildarfyrirtæki SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu og aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins. Um réttindi og skyldur aðildarfyrirtækjanna fer samkvæmt samþykktum SVÞ, Samtaka atvinnulífsins og samþykktum þessum.

IV

Þegar samþykktir þessar koma til framkvæmda, sbr. 3. mgr. 15. gr., skal stjórn BGS skora á aðildarfyrirtæki SVÞ sem annast sölu á ökutækjum, vöru og þjónustu þeim tengdum að tilkynna inngöngu í BGS. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skulu aðildarfyrirtæki SVÞ sem tilkynna inngöngu teljast aðilar að BGS þegar samþykktir þessar koma til framkvæmda, sbr. 3. mgr. 15. gr.

V

Eigi síðar en einni viku fyrir reglulegan aðalfund SVÞ 2022 skal stjórn BGS tilkynna skrifstofu SVÞ um tilnefningu fulltrúa aðildarfyrirtækis BGS til setu stjórn SVÞ til bráðabirgða starfsárið 2022/2023.

Tillaga stjórnar SVP um breytingar á samþykktum SVP frá 26. maí 1999, með síðari breytingum

Við samþykktirnar bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 15. gr. skal stjórn skipuð átta mönnum, formanni og sjö meðstjórnendum, starfsárið 2022/2023 og þar af einum meðstjórnanda samkvæmt tilnefningu stjórnar BÍlgreinasambandsins, skammstafað *BGS*.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 14. gr. og 2. og 3. mgr. 15. gr. skal meðstjórnandi samkvæmt tilnefningu stjórnar BÍlgreinasambandsins skv. 1. mgr. 1. tölul. eiga sæti í stjórn SVP starfsárið 2022/2023 án kosningar og þ. á m. jafnframt án aðkomu kjörnefndar, óháð framboðsfresti, óháð tillögugerð kjörnefndar og eftir atvikum óháð útsendingu kjörgagna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 13. gr. skal í kjölfar lýsingar á kosningu þriggja meðstjórnenda, sbr. 2. mgr. 15. gr., á aðalfundi 2022, lýsa tímabundinni setu meðstjórnanda tilnefndum af stjórn BGS í stjórn SVP starfsárið 2022/2023.
4. Starfsárið 2022/2023 skal atkvæði formanns SVP ráða niðurstöðu atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum falli atkvæði innan stjórnar að jöfnu.
5. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr., 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. og 2. másl. 1. mgr. 6. gr. skal BGS, sjálfkrafa teljast sérgreinafélag innan SVP, sjálfstæður lögaðili með eigin kennitölu og sérstakt réttshæfi. Skulu nýjar samþykktir BGS, samþykktar á aukaaðalfundi BGS hinn 15. febrúar 2022 sjálfkrafa verða samþykktir sérgreinafélagsins BGS innan SVP.
6. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu aðildarfyrirtæki BGS sjálfkrafa verða aðildarfyrirtæki SVP og Samtaka atvinnulífsins sbr. 4. gr.
7. Við gerð atkvæðaskrár við áramótin 2022/2023 skal hækka hverja krónu greiddra árgjalda aðildarfyrirtækja BGS á árinu 2022 sem nemur hlutfalli þess hluta ársins 2022 sem liðinn var áður en sameining BGS og SVP kom til framkvæmda af árinu í heild.

Samhljóða tillaga um sameiningu Bílgreinasambandsins og SVP - Samtaka verslunar og þjónustu

Frá stjórn Bílgreinasambandsins og stjórn SVP - Samtaka verslunar og þjónustu

Stjórn Bílgreinasambandsins og stjórn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu leggja fram svohljóðandi tillögur á aukaaðalfundi Bílgreinasambandsins og reglulegum aðalfundi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu:

1. Lagt er til að aukaaðalfundur Bílgreinasambandsins og aðalfundur SVP – Samtaka verslunar og þjónustu staðfesti *Samkomulag um sameiningu Bílgreinasambandsins og SVP - samtaka verslunar og þjónustu* í viðauka I í tillögu þessari.
2. Lagt er til að aukaaðalfundur Bílgreinasambandsins staðfesti nýjar samþykktir Bílgreinasambandsins í viðauka II í tillögu þessari.
3. Lagt er til að aðalfundur SVP – Samtaka verslunar og þjónustu staðfesti breytingar á samþykktum samtakanna frá 26. maí 1999, með síðari breytingum, í viðauka III í tillögu þessari.
4. Lagt er til að aukaaðalfundur Bílgreinasambandsins og aðalfundur SVP - Samtaka verslunar og þjónustu staðfesti sameiningu og Bílgreinasambandsins og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og Bílgreinasambandið verði eftirleiðis sérgreinafélag innan samtakanna.

Greinargerð.

Hinn 14. janúar 2021 undirrituðu stjórnir Bílgreinasambandsins (hér eftir skammstafað *BGS*) og SVP - Samtaka verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega nefnd *samtökin*) samstarfsyfirlýsingu með það markmið að leiðarljósi að efla þjónustu við félagsmenn í samskiptum við stjórnvöld, í lögfræðilegum álitamálum og í fræðslu- og menntunarmálum ásamt því að styrkja rekstur samtakanna.

Frá undirritun samstarfsyfirlýsingarinnar hafa samtökin unnið saman að hagsmunamálum aðildarfyrirtækja beggja samtakanna og hefur reynslan af samstarfinu í senn verið jákvæð og leitt fram víðtæk samlegðaráhrif. Í ljósi reynslunnar hafa stjórnir samtakanna ákveðið að leggja fram tillögu þess efnis á aukaaðalfundi BGS og reglulegum aðalfundi SVP að samtökin verði sameinuð undir hatti SVP en að á þeim vettvangi verði þó jafnframt gætt að sérstöðu BGS innan SVP.

Til grundvallar tillögunni liggur það markmið að efla samstarf aðildarfyrirtækja BGS og SVP á vettvangi einna samtaka. Standa væntingar til þess að slíkt samstarf muni ekki aðeins leiða til rekstrarhagræðis í hagsmunagæslu heldur einnig bættrar nýtingar á þekkingu og reynslu sem verður til staðar innan sameinaðra samtaka. Er þá ekki síst til þess að líta að hagsmunir aðildarfyrirtækja BGS og SVP eru að verulegu leyti sambærilegir.

Í meginatriðum gerir tillagan ráð fyrir því að eftir sameininguna verði BGS sérgreinafélag innan SVÞ, sbr. 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. samþykktu SVÞ, með sérstaka stjórn og eigið stjórnskipulag innan stjórnskipulags SVÞ. Við sameininguna taki SVÞ yfir fjárhagslega ábyrgð á rekstri BGS frá og með þeim degi að telja þegar sameiningin kemur til framkvæmda. Við sameininguna verði aðildarfyrirtæki BGS sjálfkrafa aðildarfyrirtæki SVÞ og Samtaka atvinnulífsins, sbr. 4. gr. samþykktu SVÞ.

Nánari skýringa á forsendum og efni tillögunnar er að leita í efni viðauka við tillögu þessa.

Viðaukar:

- I. Samkomulag um sameiningu bílgreinasambandsins og SVÞ - samtaka verslunar og þjónustu.*
- II. Tillaga að nýjum samþykktum Bílgreinasambandsins.*
- III. Tillaga að breytingum á samþykktum SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu frá 26. maí 1999, með síðari breytingum.*

Undirritunarsíða

Jón Ólafur Halldórsson

Guðmundur Nikulásson

Guðrún Jóhannesdóttir

Gunnar Egill Sigurðsson

Hinrik Örn Bjarnason

Kjartan Örn Sigurðsson

Tinna Jóhannsdóttir

Benedikt Sveinbj. Benediktsson